

Alþingi
Velferðarnefnd

Reykjavík, 23. febrúar 2023
Tilvísun: 2023020342/E.Þ.H.

Efni: Umsögn um frumvarp til sóttvarnalaga

1.

Almennt

Persónuvernd vísar til beiðni velferðarnefndar Alþingis frá 13. febrúar 2023 um umsögn um frumvarp til sóttvarnalaga (þskj. 671, 529. mál á 153. löggjafarþingi).

Með frumvarpinu er lögð til heildarendurskoðun á sóttvarnalögum. Frumvarpið var upphaflega lagt fram á 152. löggjafarþingi (þskj. 715, 498. mál) og fór í gegnum eina umræðu á Alþingi en náði ekki fram að ganga. Persónuvernd barst beiðni velferðarnefndar Alþingis, dags. 19. maí 2022, um umsögn um upphaflegt frumvarp og veitti Persónuvernd umsögn sína, dags. 7. júní s.á. Var frumvarpsdrögum breytt í kjölfar athugasemda Persónuverndar og er nú endurflutt. Í þeim frumvarpsdrögum sem nú liggja fyrir verður hins vegar ekki séð að lítið hafi verið til athugasemda stofnunarinnar hvað varðar skyldu til að framkvæma mat á áhrifum á persónuvernd. Umsögn þessari er því ætlað að vera til áréttingar fyrri umsögn og þeim almennu sjónarmiðum sem stofnunin telur þurfa að líta til.

2.

Mat á áhrifum á persónuvernd

Í umsögn Persónuverndar, dags. 7. júní 2022, kom fram það mat stofnunarinnar að skylt væri að framkvæma mat á áhrifum á persónuvernd vegna þeirrar vinnslu persónuupplýsinga sem lögð er til í frumvarpinu. Þá sagði jafnframt að ákjósanlegt væri að það mat væri framkvæmt við undirbúning lagasetningar til að tryggja að vinnsla persónuupplýsinga fullnægði kröfum laga nr. 90/2018 og reglugerðar (ESB) 2016/679. Þá ætti að tilgreina forsendur matsins og niðurstöður þess í lögskýringargögnum.

Af frumvarpsdrögum verur ekki ráðið að framkvæmt hafi verið mat á áhrifum frumvarpsins sem slíks á persónuvernd. Í 6. kafla greinargerðar sem fylgir frumvarpinu er greint frá mati á áhrifum frumvarpsins almennt, verði það að lögum, en ekki er þar minnst á áhrif þess á persónuvernd.

Persónuvernd áréttar að ef líklegt er að tiltekin tegund vinnslu persónuupplýsinga geti haft í för með sér mikla áhættu fyrir réttindi og frelsi einstaklinga, einkum þar sem beitt er nýrri tækni og með hliðsjón af eðli, umfangi, samhengi og tilgangi vinnslunnar, skal ábyrgðaraðili láta fara fram mat á áhrifum



fyrirhugaðra vinnsluadgerða á vernd persónuupplýsinga áður en vinnslan hefst samkvæmt nánari fyrirmælum 35. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679. Þá segir meðal annars í 10. mgr. 35. gr. reglugerðarinnar að ef mat á áhrifum á persónuvernd hefur þegar farið fram, sem hluti af almennu áhrifamati í tengslum við samþykkt laga, sé ekki nauðsynlegt að láta slíkt mat fara fram áður en vinnslustarfsemi hefst.

Persónuvernd bendir einnig á að samkvæmt 2. gr. auglýsingar nr. 828/2019 um skrá yfir vinnsluadgerðir sem krefjast ávallt mats á áhrifum á persónuvernd, sbr. 2. mgr. 29. gr. laga nr. 90/2018, þarf slíkt mat að fara fram ef vinnsla persónuupplýsinga lýtur að tveimur eða fleiri flokkum tilvika sem tilgreind eru í ákvæðinu. Meðal tilvika sem þar eru nefnd eru vinnsla viðkvæmra persónuupplýsinga eða annarra persónuupplýsinga viðkvæms eðlis og umfangsmikil gagnavinnsla, sbr. 4. og 5. tölul. ákvæðisins.

Að mati Persónuverndar er því ljóst að skylt er að framkvæma mat á áhrifum á persónuvernd vegna þeirrar vinnslu persónuupplýsinga sem lögð er til í frumvarpinu.

3.

Vinnslusamningar

Í frumvarpsdrögunum er gert ráð fyrir að sóttvarnarlæknir geti falið tilteknum aðilum afmörkuð verkefni, svo sem í tengslum við smitrakningu, sbr. 2. og 3. mgr. 6. gr. frumvarpsdraganna. Að mati Persónuverndar væri gagnlegt að áréttu, t.d. í nefndaráli, að við slíkar aðstæður geti þurft að huga að gerð vinnslusamnings eða, etir atvikum, samkomulags um skiptingu ábyrgðar í samræmi við ákvæði 23. og 25. gr. laga nr. 90/2018, sbr. einnig 26. og 28. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679, og 18. og 20. gr. laga nr. 75/2019.

5.

Meginreglur persónuverndarlaga

Persónuvernd áréttar einnig mikilvægi þess að við framangreinda vinnslu persónuupplýsinga verði gætt að meginreglum persónuverndarlaga, sbr. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 90/2018, sbr. 5. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679, og 4. gr. laga nr. 75/2019, um vinnslu persónuupplýsinga í löggæslutilgangi. Sérstaklega er mikilvægt að huga að þeim meginreglum er lúta að lágmarkun gagna, áreiðanleika og varðveislu.

EKKI ERU AÐ ÖÐRU LEYTI GERÐAR ATHUGASEMDIR VIÐ EFNÍ FRUMVARPSINS AÐ SVO STÖDDU. VERÐI FREKARI UMSAGNAR ÓSKAÐ UM EINSTÖK ATRIÐI VERÐUR HÚN FÚSLEGA VEITT.

F.h. Persónuverndar,

Þórður Sveinsson

Edda Þuríður Hauksdóttir